

Fyrsti eigandi: Det Kongelige Danske Fyrvæsen

Upphafleg notkun: Viti

Hönnuður: Ekki þekktur

Núverandi notkun: Viti

Upphaflegur byggingarstíll:



Ljóshúsið á Gróttuvita



Ljóshúsið í dag.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Járnsteypa	Járnsteypa	1948 Ljóshúsið tekið af Gróttuvita og komið fyrir á Súgandisey.	
Útveggir:	Járnsteypa	Járnsteypa	1995 Vitinn rafvæddur	
Þakgerð:				
Þakklæðning:	Járn	Járn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Sívalt hús á toppi gróttuvita.	Sívalt hús		

Saga:

Súgandiseyjarviti, sem er í eigu Stykkishólmsbæjar og í umsjón Stykkishólmshafnar, var komið fyrir á steinsteyptri plötu í Súgandisey við höfnina í Stykkishólmi árið 1948. Vitinn er 3 metrar að hæð, úr járnsteypu og er hannaður af Dönsku vitamálastofnuninni (Det Kongelige Danske Fyrvæsen).

Ljóshúsið var áður hluti af Gróttuvita, sem byggður var árið 1897, en árið 1947 var byggður nýr Gróttuviti og þar sem að Ljóshúsið var í ágætu ásigkomulagi var því gefið nýtt hlutverk sem innsiglingarviti í Súgandisey. Ljóshúsið er sívalt með glugga á miðjum vegg og lúgu á bakhlið og á því er keilumyndað þak sem gengur út yfir vegg, en efst á þakinu er sívöl lofttúða og á henni rislítið þak.

Það voru tæknimenn frá Dönsku vitamálastofnunarinnar sáu um að setja upp Ljóshúsið á topp Gróttuvita, en Ljóshúsið er smíðað upphaflega í Danmörku. Mörg þessara ljóshúsa voru sett upp í Danmörku á árunum 1890-1900 og þau nýjustu voru sett upp um 1970, til dæmis í Árhús (1966) og Skagen (1970). Ljóshús sömu gerðar og í Súgandisey sem byggð voru á Íslandi er meðal annars Siglunesviti sem var byggður árið 1908.

Gasljós var í Súgandiseyjarvita fram til ársins 1995, en þá var hann rafvæddur.

Súgandiseyjarviti er elsta vitamannvirki sem starfrækt er á Íslandi, en fyrsti vitinn við strendur Íslands var byggður á Valahnúk á Reykjanesi árið 1878 og um aldamótin 1900 voru vitarnir 5 talsins.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Aðrar vitabyggingar/ljóshús í samskonar útliti, hönnun og formi er til í Danmörku og á Íslandi, en hönnun er og útlit er í góðu samræmi við umhverfið og notagildi mannvirkisins.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Elsta vitamannvirki sem starfrækt er á Íslandi og var meðal fyrstu ljóshúsa þessara tegundar sem sett voru upp.
Umhverfisgildi:	Hátt	Vitinn er kennileiti í Stykkishólmi og því mikilvægur fyrir nærliggjandi umhverfi
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Ekki hafa verið verið gerðar breytingar á ytra byrgði vitans frá því að hann var settur upp á Súgandisey.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Vitinn er í slæmu ásigkomulagi. Komin eru riðgöt í járníð á nokkrum stöðum.

Varðveislugildi: Hátt Ljóshúsið er frá árinu 1897 og hefur því ótvírætt minjagildi vegna aldurs, enda er það orðið ríflega 120 ára gamalt og er friðað samkvæmt lögum um menningarminjar.

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjóluþlár litur á korti